

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Ölfuss, nr. 727/2004.

1. gr.

Orðin „oddviti“ og „varaoddviti“ í samþykktinni falla brott og í stað þeirra koma eftir því sem við á og í réttum beygingum orðin: forseti og varaforseti.

2. gr.

1. mgr. 45. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi tvisvar í hverjum mánuði fyrsta og þriðja fimmtudag kl. 8.00.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a) 3. tölul. verður svohljóðandi:

Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Ráðið fer jafnframt með störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, öldrunarmál skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

b) 4. tölul. fellur brott. Númer annarra töluliða breytast í samræmi við það.

c) 5. tölul. verður svohljóðandi:

Hafnarstjórn. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 10. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. júlí 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.